



Stjórn Arion banka hf.  
V.t. Brynjólfur Bjarnason, formaður stjórnar  
Borgartúni 19  
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2021

### Efni: Aðalfundur Arion banka hf. 16. mars 2021 – dagskrárliður 6

Með vísan í kauphallartilkynningu um aðalfund Arion banka hf. óskar Lífeyrissjóður verzlunarmanna (LV) eftir því að eftirfarandi breytingartillaga verði tekin fyrir við 6. dagskrárlið aðalfundar sem haldinn verður 16. mars 2021.

#### Breytingartillaga LV:

„Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði kr. 490.900, mánaðarlaun varaformanns verði kr. 736.200 en mánaðarlaun stjórnarformanns verði kr. 981.400. Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá endurgreiddan útlagðan kostnað fyrir ferðalög vegna stjórnarfunda sem þeir sækja í eigin persónu, þó að hámarki kr. 300.000 fyrir hvern fund.

Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í stjórnarnefndum félagsins að hámarki kr. 196.300 á mánuði fyrir setu í hverri nefnd og formönnum stjórnarnefnda kr. 255.000 á mánuði. Stjórnarlaun varamanna verði kr. 248.600 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 490.900 á mánuði, ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði.

Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá ofangreindar fjárhæðir greiddar í viðeigandi heimagjaldmiðli, miðað við meðaltal opinbers viðmiðunargengis síðustu þriggja ára fyrir aðalfundardag 2021.“

#### Tillaga LV felur í sér eftirfarandi breytingar frá fyrirbyggjandi tillögu:

„Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði kr. ~~490.900~~~~600.000~~, mánaðarlaun varaformanns verði kr. ~~736.200~~~~900.000~~ en mánaðarlaun stjórnarformanns verði kr. ~~981.400~~~~1.200.000~~. Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá endurgreiddan útlagðan kostnað greiddar kr. 300.000 fyrir ferðalög vegna stjórnarfunda sem þeir sækja í eigin persónu, þó að hámarki kr. 300.000 fyrir hvern fund.

Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í stjórnarnefndum félagsins að hámarki kr. 196.300 á mánuði fyrir setu í hverri nefnd og formönnum stjórnarnefnda kr. 255.000 á mánuði. Stjórnarlaun varamanna verði kr. 248.600 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 490.900 á mánuði, ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði.



Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í undirnefndum stjórnar kr. 200.000 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 400.000 á mánuði, og formönnum stjórnarnefnda kr. 300.000 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 600.000 á mánuði. Varamenn skulu fá að lágmarki kr. 300.000 fyrir setu í varastjórn á ári. Stjórnarlaun varamanna verði kr. 600.000 fyrir hvern setinn stjórnarfund, þó að hámarki kr. 600.000 á mánuði, ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði

Stjórnarmenn búsettir erlendis skulu fá ofangreindar fjárhæðir greiddar í viðeigandi heimagjaldmiðli, miðað við meðaltal opinbers viðmiðunargengis síðustu þriggja ára fyrir aðalfundardag 2021.“

#### **Greinargerð með tillögu:**

Breytingartillaga LV varðar þóknun til stjórnarmanna og laun nefndarmanna og felur í sér að laun stjórnarmanna, sem búsettir eru hérlendis, verða óbreytt frá samþykkt aðalfundar 2020 auk þess sem horfið er frá greiðslu tvöfaldrar stjórnarlauna til stjórnarmanna sem búsettir eru erlendis. Laun nefndarmanna verða einnig óbreytt frá samþykkt aðalfundar 2020. Útlagður ferðakostnaður erlendra stjórnarmanna verði greiddur en þó að hámarki kr. 300.000 fyrir hvern stjórnarfund.

Við mat á fjárhæð stjórnarlauna horfir LV m.a. til eðlilegs umfangs og eðlis rekstrar og ábyrgðar líkt og fram kemur í [hluthafastefnu LV](#). Í tilviki Arion banka hf. er horft til sambærilegra starfseininga hérlendis og í því ljósi lagt til að stjórnarlaun verði óbreytt og að ekki verði gerður greinarmunur á fjárhæð eftir búsetu stjórnarmanns.

Tillagan felur jafnframt í sér greiðslu útlagðs kostnaðar vegna ferðalaga erlendra stjórnarmanna í tengslum við stjórnarfundir félagsins, þó að hámarki kr. 300.000 fyrir hvern fund.

Virðingarfyllt,  
f.h. Lífeyrissjóðs verzlunarmanna,

Arne Vagn Olsen,  
forstöðumaður eignastýringar